

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra  
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið  
Arnarhvali  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. september 2004

Nú eru rétt rúmir sex mánuðir síðan Leiðbeiningar um stjórnarhætti voru kynntar af Verslunarráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins. Markmiðið með þessum leiðbeiningum var að treysta umgjörð stjórnarháttanna íslenskra fyrirtækja og bæta samkeppnisstöðu þeirra. Árangur af þessu frumkvæði viðskiptalífsins er ótvíræður; leiðbeiningarnar hafa stuðlað að opinni umræðu um hlutverk stjórnna og innviðir stjórnarháttanna eru orðnir betri. Þá má nefna að Kauphöll Íslands hefur ákveðið að gera þessar leiðbeiningar að hluta regluverks síns á þessu ári.

Tillögur nefndar viðskiptaráðherra um stjórnarhætti fyrirtækja ganga að mati okkar of langt þegar haft er í huga að skammt er síðan viðskiptalífið kynnti sínar leiðbeiningar og enn stendur yfir fræðsla um þær. Ef þau atriði sem nefnd eru í skýrslunni verða að lögum þá er umgjörð stjórnarháttanna fyrirtækja, þ.e. hlutafélagalögin, leiðbeiningar um stjórnarhætti og regluverk Kauphallar orðnar meira íþyngjandi en í nær öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Ætlunin er að endurskoða Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og kynna nýjar leiðbeiningar á árinu 2005. Nefnd um stjórnarhætti fyrirtækja hefur þegar hafið þessa endurskoðun. Það er mikilvægt að frumkvæði viðskiptalífsins um eigin leiðbeiningar sé ekki kæft með lagasetningu nokkrum mánuðum eftir að þær voru kynntar.

Nokkur atriði sem nefnd eru í skýrslu nefndar um íslenskt viðskiptaumhverfi hafa verið til umræðu innan nefndar um stjórnarhætti fyrirtækja við þá endurskoðun sem nú fer fram. Hvatt er til þess að viðskiptalífið fái að ljúka þessari endurskoðun áður en hafist er handa við lagasmíð á þessu sviði. Tvö atriði verða hér sérstaklega nefnd til sögunnar:

Í fyrsta lagi telur nefndin að æskilegt sé að setja í leiðbeiningar mál er varða samskipti framkvæmdastjóra og stjórnarformanns og hlutverk stjórnarformanns. Um leið minnir nefndin á að héraðis eru þegar ákvæði í lögum sem heimila ekki að einstaklingur sem er stjórnarformaður fyrirtækis sé jafnframt framkvæmdastjóri. Nefndin hyggst koma með tillögur um þetta efni í þeirri endurskoðun sem stendur yfir.

Í öðru lagi telur nefndin að í Leiðbeiningum um stjórnarhætti sé þegar tekið á málum er varða starfskjör stjórnenda skráðra fyrirtækja. Jafnframt er bent á að regluverk Kauphallarinnar um upplýsingagjöf um starfskjör æðstu stjórnenda gengur álika langt og þar sem lengst er gengið annars staðar. Þá telur nefndin að óeðlilegt sé að fyrirtæki, skráð og óskráð, með 4 hluthafa eða fleiri, sé gert skylt að fá samþykki hluthafafundar fyrir starfskjarastefnu. Minnt er á að í leiðbeiningum um stjórnarhætti er fjallað sérstaklega um ákvarðanir um starfskjör skráðra fyrirtækja og þær leiðbeiningar verða fljótlega að reglum Kauphallar. Nefndin er reiðubúin til þess

að skoða hvort styrkja megi þennan þátt leiðbeininga og leggja fram tillögur um það efni eigi síðar en í byrjun árs 2005.

Nefndin lýsir ánægju sinni með ýmsa þætti í tillögum nefndarinnar sem fela í sér sjálfsagðar umbætur eins og um rafræna fundi, framboðsfrest til stjórnar o.þ.h. Ekki er óeðlilegt að ákvæði sem þessi komi inn í hlutafélagalögin.

Við leggjum áherslu á það að farið sé varlega í sambandi við umgjörð starfshátta fyrirtækja og ekki lengra gengið í þessum efnum en aðstæður segja til. Ísland er með eina nútímalegustu hlutafélagalöggjöf sem þekkist. Til hliðar við þá löggjöf bætist síðan frumkvæði viðskiptalífsins sjálfs með leiðbeiningum um stjórnarhætti og reglur kauphallar sem að mörgu leyti ganga lengra en þekkist í samkeppnislöndum okkar. Íslenskt viðskiptalíf hefur tekið sig á í sambandi við stjórnarhætti fyrirtækja og vill nú fá eðlilegt svigrúm til að ljúka þeirri vinnu.

Fyrir hönd nefndar um stjórnarhætti fyrirtækja

Þór Sigfússon  
Framkvæmdastjóri  
Verslunarráðs Íslands

Þórður Friðjónsson  
Forstjóri Kauphallar Íslands

Ari Edwald  
Framkvæmdastjóri  
Samtaka atvinnulífsins